# Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf

## Sjálfbærniuppgjör

2021

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf
Grjótháls 7-11, 110 Reykjavík
Kt. 4203697789

# Yfirlit

Skýrsla og áritun forstjóra ..... 3
Sjálfbærniuppgjör ..... 4
Skipulags- og rekstrarmörk ..... 5
Uppgjör ..... 6
Rekstrarþættir ..... 6
Losunarbókhald ..... 7
Umhverfisþættir ..... 9
Umhverfisstjórnun ..... 11
Félagslegir þættir ..... 12
Stjórnarhættir ..... 15
Aðferðafræði ..... 17
Skilgreiningar ..... 18
Skýringar ..... 20

# Skýrsla og áritun forstjóra

Ölgerðin hefur unnið markvisst að sjálfbærni frá árinu 2013 og hefur gefið út sjálfbærniskýrslu um stöðu og markmið síðan þá. Þetta er þriðja árið sem gefin er út UFS-skýrsla samhliða ársreikningi í samræmi við UFS-leiðbeiningar Nasdaq-kauphallarinnar, útgáfu 2 frá maí 2019. Að okkar mati sýnir skýrslan rétta og sanngjarna mynd af þessum þáttum fyrir samstæðuna og hvernig við hyggjumst ná árangri á næstu árum.

Markmið Ölgerðarinnar er að sjálfbærni verði hluti af menningu fyrirtækisins og að upplýsingar um framgang sjálfbærni verði jafn aðgengilegar og fjárhagsupplýsingar þess. Það er trú fyrirtækisins að áhersla á sjálfbærni dragi úr áhættu í rekstri þess og styrki fjárhagslega arðsemi til framtíðar. Ölgerðin stefnir að því að styrkja samkeppnishæfni sína með því að draga úr efnahagslegum, umhverfislegum og félagslegum kostnaði. Ný stefna var innleidd á síðasta ári í fyrirtækinu þar sem megináhersla er á vöxt, stafræna þróun, sjálfbærni og fjölbreytileika. Allt fyrirtækið vinnur þannig markvisst að því að finna verkefni í sjálfbærnivegferð þess.

Ölgerðin skrifaði undir yfirlýsingu í nóvember 2015, ásamt yfir 100 öðrum fyrirtækjum, um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum. Nú þegar hefur markviss vinna skilað því að fyrirtækið hefur dregið úr kolefnisspori sínu frá rekstri (umfang 1 og 2) um 65% frá árinu 2016. Ölgerðin tók þessa vinnu enn lengra á síðasta ári og setti sér metnaðarfull markmið sem hægt er að sannreyna með vísindalega samþykktum hætti og miðar að því að halda hlýnun jarðar innan við 1,5°C (e. Science Based Target („SBT“)). Ölgerðin hefur sett sér markmið um að draga úr losun frá rekstri um 42% til viðbótar (umfang 1 og 2) og mæla og minnka umfang 3. Þá hefur fyrirtækið sett sér markmið um kolefnishlutleysi árið 2040. Ölgerðin mun þannig minnka áhrif sín á umhverfið eins mikið og unnt er og binda það sem stendur eftir með vottuðum kolefniseiningum.

Ein af megináherslunum í stefnu fyrirtækisins er aukinn fjölbreytileiki. Við leggjum áherslu á að laða til okkar starfsfólk með mismunandi viðhorf, ólíkan bakgrunn, af mismunandi kyni og á öllum aldri. Fjölbreyttur hópur starfsfólks hefur fleiri sjónarhorn og hugmyndir og á auðveldara með að greina þarfir viðskiptavina og aðlaga þjónustu fyrirtækisins að þeim. Við náum betri árangri með fjölbreytileika starfsmanna og sköpum þannig eftirsóttari vinnustað.

Viðhorf og neysluvenjur eru stöðugt að breytast og framundan eru spennandi tímar. Við ætlum að setja enn meiri fókus á sjálfbærni og mæta nútímaþörfum viðskiptavina án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Við hlökkum til að takast á við þær áskoranir sem það hefur í för með sér og gera betur frá degi til dags og ávallt í sátt við viðskiptavini okkar og umhverfið.

31. mars 2022, Reykjavík

Andri Þór Guðmundsson
Forstjóri, Ölgerðin Egill Skallagríms hf.

# Sjálfbærniuppgjör

Sjálfbærniuppgjör Ölgerðarinnar Egill Skallagríms hf. fyrir árið 2021 er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019. Þessar leiðbeiningar eru byggðar á tillögum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, Samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig er vísað í tilheyrandi viðmið GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI100-400) og meginviðmið (e. Reporting Principles, P1-10) alþjóðasáttmála Sameinuðu þjóðanna (United Nations Global Compact, UNGC).

Klappir hafa aðstoðað við gerð sjálfbærniuppgjörsins, sem byggist á þeim upplýsingum sem Klappir hugbúnaðurinn hefur safnað saman yfir árið.

Sjálfbærniuppgjörið hefur að geyma allar helstu upplýsingar um umhverfisþætti, félagslega þætti og stjórnarhætti Ölgerðarinnar. Klappir skipuleggja og haga vinnu sinni í samræmi við meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar: Viðeigandi, nákvæmni, heilleiki, samræmi og gagnsæi.

Gögn Ölgerðarinnar eru yfirfarin og metin eftir bestu vitund og nákvæmustu upplýsingum hverju sinni, að undanskildum gögnum tengdum félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Klappir bera ekki ábyrgð á fjárfestingarákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þeirra upplýsinga sem hér birtast.

31. mars 2022, Reykjavík



Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson
Forstjóri, Klappir

# Skipulags- og rekstrarmörk

**Um fyrirtækið**
Ölgerðin Egill Skallagrímsson er stærsta drykkjarvörufyrirtæki landsins. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur drykkjarvörur og matvæli um allt land. Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.

**Skipulagsmörk**
Við gerð uppgjörs Ölgerðarinnar hefur „Operational Control" aðferðafræðin orðið fyrir valinu. Samkvæmt henni gerir fyrirtæki grein fyrir allri losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur yfirráð yfir. Fyrirtækið gerir ekki grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur ekki yfirráð yfir þrátt fyrir að það eigi hagsmuna að gæta af rekstri þeirra.
Undir uppgjör Ölgerðarinnar fellur rekstur Ölgerðarinnar Egill Skallagríms hf. og Danól ehf.

**Umfang 1**
Eldsneytisnotkun farartækja
Staðbundin eldssneytisnotkun
Lekalosun

**Umfang 2**
Raforkunotkun og hitaveitunotkun

**Umfang 3**
*3.1. Aðkeypt vara og þjónusta*
Llosun vegna hráefnavinnslu, framleiðslu og flutninga á keyptum hráefnum og umbúðum.

*3.2. Fastafjármunir*
Losun vegna hraéfnavinnslu, framleiðslu og flutninga á tölvum og öðrum raftækjum.

*3.3. Eldsneytis- og orkutengd starfsemi*
Losun vegna hráefnavinnslu, framleiðslu og flutnings á eldsneyti sem notað er í eigin rekstri.
Losun vegna frumvinnslu, flutnings- og dreifitaps raforku notaðrar í rekstri.

*3.4. Aðkeyptur flutningur og dreifing*
Losun vegna flutninga á aðföngum til Ölgerðarinnar og Danól auk aðkeypts flutnings frá starfsstöðvum.

*3.5. Úrgangur frá rekstri*
Losun vegna flutnings og förgunar á öllum þeim úrgangi sem fellur til í rekstri Ölgerðarinnar og Danól.

*3.6. Viðskiptaferðir*
Losun vegna vinnutengdra flugferða starfsmanna.

*3.7. Samgöngur starfsmanna*
Losun vegna samgangna starfsmanna til og frá vinnu.

*3.12. Lok líftíma seldrar vöru*
Losun vegna endurvinnslu á umbúðum af drykkjarvörum seldum af Ölgerðinni og Danól innan uppgjörsárs.

*3.13. Útleigðar eignir*
Losun kælimiðla frá kæliskápum útleigðum af Ölgerðinni.

*3.15. Fjárfestingar*
Losun vegna flutninga Iceland Spring ehf.

# Uppgjör

## Rekstrarþættir

| Rekstrarbreytur | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Heildartekjur | m. ISK | 26.154,4 | 31.840,5 |
| Eigið fé alls | m. ISK | 5.934,5 | 7.650,0 |
| Rekstrarframlegð | m. ISK | 2.292,3 | 3.279,0 |
| Fjöldi stöðugilda | starfsgildi | 345,0 | 349,4 |
| Heildarrými fyrir eigin rekstur | $m^2$ | 21.454,0 | 21.454,0 |
| Heildarrými fyrir eigin rekstur | $m^3$ | 161.635 | 161.635 |

| Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Losunarkræfni orku | kg$CO_2$í/MWst | 602,41 | 651,55 |
| Losunarkræfni starfsmanna | kg$CO_2$í/stöðug | 41.741,8 | 43.746,0 |
| Losunarkræfni tekna | kgCO2í/milljón | 550,61 | 480,04 |
| Losunarkræfni eiginfjár | kgCO2í/milljón | 2.426,6 | 1.998,0 |
| Losunarkræfni rekstrarframlegðar | kgCO2í/milljón | 6.282,3 | 4.661,4 |
| Losunarkræfni á hvern fermetra | kg$CO_2$í/$m^2$ | 671,25 | 712,45 |
| Losunarkræfni á hvern rúmmetra | kg$CO_2$í/$m^3$ | 89,10 | 94,56 |

Nasdaq: E2|UNGC: P7, P8|GRI: 305-4 |SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management

| Orkukræfni | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Orkukræfni starfsmanna | kWst/stöðugild | 69.291,6 | 67.141,3 |
| Orkukræfni tekna | kWst/milljón | 914,0 | 736,8 |
| Orkukræfni á fermetra | kWst/$m^2$ | 1.114,3 | 1.093,5 |
| Orkukræfni á rúmmetra | kWst/$m^3$ | 147,9 | 145,1 |

Nasdaq: E4|UNGC: P7, P8|GRI: 302-3|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

| Úrgangskræfni | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Úrgangskræfni starfsmanna | kg/stöðugildi | 3.406,0 | 4.865,9 |
| Úrgangskræfni tekna | kg/milljón ISK | 44,9 | 53,4 |

## Losunarbókhald

| Mótvægisaðgerðir | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Samtals mótvægisaðgerðir | $tCO_2í$ | 1.150,0 | 1.314,5 |
| Mótvægisaðgerðir með skógrækt | $tCO_2í$ | 575,0 | 1.314,5 [1] |
| Mótvægisaðgerðir með endurheimt votlendis | $tCO_2í$ | 575,0 | 0,0 |
| Aðrar mótvægisaðgerðir | $tCO_2í$ | 0,0 | 0,0 |

| Gróðurhúsalofttegundir | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Umfang 1 | $tCO_2í$ | 1.286,6 | 916,8 |
| Umfang 2 (landsnetið) | $tCO_2í$ | 205,4 | 201,6 [2] |
| Umfang 1 og 2 | $tCO_2í$ | 1.491,9 | 1.118,4 |
| Umfang 3 | $tCO_2í$ | 12.909,0 | 14.166,4 |
| Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 og 3) | $tCO_2í$ | 14.400,9 | 15.284,9 |

Nasdaq: E1|UNGC: P7|GRI: 305-1,305-2,305-3|SASB: General Issue / GHG Emissions|TCFD: Metrics & Targets

| Umfang 1 - Samsetning losunar | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | 1.286,6 | 916,8 |
| Staðbundin eldsneytisnotkun | $tCO_2í$ | 202,2 | 219,6 |
| Eldsneytisnotkun farartækja | $tCO_2í$ | 597,5 | 596,9 |
| Lekalosun | $tCO_2í$ | 489,0 | 100,3 |

| Umfang 2 - Samsetning losunar | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | 205,4 | 201,6 |
| Rafmagn | $tCO_2í$ | 138,4 | 144,5 |
| Hitaveita | $tCO_2í$ | 67,0 | 57,1 |

| Umfang 3 - Losun á fyrri stigum | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| *Flokkur 1: Aðkeypt vara og þjónusta* | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | 7.335,0 | 7.932,0 |
| Aðkeypt vara og þjónusta til endursölu eða áframhaldandi vinnslu | $tCO_2í$ | 7.335,0 | 7.932,0 |
| *Flokkur 2: Fastafjármunir* | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | 48,0 | 51,3 |
| Tækjabúnaður | $tCO_2í$ | 48,0 | 51,3 |
| *Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi* | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | 195,0 | 207,6 |
| Losun á fyrri stigum vegna eldsneytisnotkunar | $tCO_2í$ | 195,0 | 207,1 |
| Losun á fyrri stigum vegna rafmagnsnotkunar | $tCO_2í$ | | 0,5 |
| Flutnings- og dreifitap raforku og hitaveitu | $tCO_2í$ | | 0,0 |
| *Flokkur 4: Aðkeyptur flutningur og dreifing* | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | 3.245,1 | 3.374,9 |
| Sjóflutningur | $tCO_2í$ | 2.670,0 | 2.684,1 |
| Landflutningar | $tCO_2í$ | 575,1 | 690,7 |
| *Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri* | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | 153,1 | 171,2 |
| Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi | $tCO_2í$ | 153,1 | 171,2 |
| *Flokkur 6: Viðskiptaferðir* | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | 14,7 | 19,5 |
| Flugferðir | $tCO_2í$ | 14,7 | 19,5 |
| *Flokkur 7: Samgöngur starfsmanna* | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | 268,1 | 268,1 |
| Einkabíll | $tCO_2í$ | 268,1 | 268,1 |

| Umfang 3 - Losun á síðari stigum | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| *Flokkur 12: Lok líftíma seldrar vöru* | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | 501,9 | 502,6 |
| *Flokkur 13: Útleigðar eignir* | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | 251,0 | 251,1 |
| Lekalosun | $tCO_2í$ | 251,0 | 251,1 |
| *Flokkur 15: Fjárfestingar* | | | |
| Heildarlosun | $tCO_2í$ | 897,0 | 1.388,1 |
| Fyrirtækjalán og óskráð hlutabréf | $tCO_2í$ | 897,0 | 1.388,1 |

## Umhverfisþættir

| Orkunotkun | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Heildarorkunotkun | kWst | 23.905.586 | 23.459.179 |
| Jarðefnaeldsneyti | kWst | 3.157.447 | 3.239.620 |
| Lífeldsneyti | kWst | 1.670 | 7.397 |
| Rafmagn | kWst | 13.178.450 | 13.766.099 |
| Hitaveita | kWst | 7.568.019 | 6.446.063 |
| Bein orkunotkun | kWst | 3.159.118 | 3.247.017 |
| Óbein orkunotkun | kWst | 20.746.469 | 20.212.162 |

Nasdaq: E3|UNGC: P7, P8|GRI: 302-1, 302-2|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

| Orkusamsetning | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Heildarorkunotkun | kWst | 23.905.586 | 23.459.179 |
| Jarðefnaeldsneyti | % | 13,2% | 13,8% |
| Endurnýjanlegir orkugjafar | % | 86,8% | 86,2% |
| Kjarnorka | % | 0,0% | 0,0% |

Nasdaq: E5|GRI: 302-1|SDG: 7|SASB: General Issue / Energy Management

| Eldsneytisnotkun | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Heildareldsneytisnotkun | kg | 264.724 | 272.057 |
| Díselolía | kg | 166.175 | 152.808 |
| Bensín | kg | 35.155 | 48.802 |
| Vetni | kg | 42 | 186 |
| DM olía | kg | 61.917 | 68.031 |

| Lekalosun | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Heildar lekalosun | kg | 106 | 196 |
| F-gös | kg | 106,0 | 196,0 |

| Vatnsnotkun | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Heildarvatnsnotkun | m³ | 377.288 | 354.535 |
| Kalt vatn | m³ | 246.805 | 243.396 |
| Heitt vatn | m³ | 130.483 | 111.139 |

Nasdaq: E6|GRI: 303-5|SDG: 6|SASB: General Issue / Water & Wastewater Management

| Samsetning raforku | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Heildarnotkun raforku | kWst | 13.178.450 | 13.766.099 |
| Jarðefnaeldsneyti | % | | |
| Endurnýjanlegir orkugjafar | % | 100,0% | 100,0% |
| Kjarnorka | % | | |

| Aðkeyptir flutningar og dreifing | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Heildarmagn flutt | tonn | 40.480,0 | 48.588,0 |
| Flugfrakt | tonn | | |
| Sjóflutningar | tonn | 26.488,0 | 31.493,0 |
| Landflutningar | tonn | 13.992 | 17.094 |

| Meðhöndlun úrgangs | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Heildarmagn úrgangs | kg | 1.175.083 | 1.700.146 |
| Flokkaður úrgangur | kg | 929.367 | 1.451.239 |
| Óflokkaður úrgangur | kg | 245.716 | 248.907 |
| Endurunnin úrgangur | kg | 907.643 | 1.404.548 |
| Úrgangi fargað | kg | 267.440 | 295.598 |
| Flokkunarhlutfall úrgangs | % | 79,1% | 85,4% |
| Endurvinnsluhlutfall úrgangs | % | 77,2% | 82,6% |

| Meðhöndlun pappírs | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Heildarþyngd prentaðs pappírs | kg | 1.742 | 2.028 |
| Heildarmagn prentaðs pappírs | blaðsíður | 305.381 | 340.304 |
| þar af litaprent | blaðsíður | 93.335 | 133.765 |
| þar af svarthvít prentun | blaðsíður | 212.046 | 206.539 |
| Tvíhliða | blaðsíður | 99.345,0 | 135.395 |

## Umhverfisstjórnun

| Umhverfisstarfsemi | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu? | já/nei | Já | Já [3] |
| Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum? | já/nei | Nei | Já [4] |
| Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi? | já/nei | Já | Já |

Nasdaq: E7|GRI: 103-2|SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management

| Loftlagseftirlit | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu? | já/nei | Já | Já |
| Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? | já/nei | Já | Já |

Nasdaq: E8, E9|GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31|SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management|TCFD: Governance (Disclosure A/B)

| Mildun loftlagsáhættu | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun | m. ISK | | 1.270,0 |

Nasdaq: E10|UNGC: P9|SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience|TCFD: Strategy (Disclosure A)

## Félagslegir þættir

| Launahlutfall forstjóra | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Laun og bónusgreiðslur forstjóra (X) sem hlutfall af miðgildi launa starfsmanna í fullu starfi | X:1 | 8,40 | 7,91 |
| Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda? | já/nei | Já | Já |

S1|UNGC: P6|GRI 102-38

| Launamunur kynja | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna | X:1 | 0,80 | 0,97 |
| Niðurstaða jafnlaunavottunar | % | 4,20% | 1,20% |

S2|UNGC: P6|GRI: 405-2 | SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

| Starfsmannavelta | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| *Starfsmenn í fullu starfi* | | | |
| Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi | % | 17,7% | 14,9% |
| Frávísun | % | 6,5% | 4,4% |
| Starfslok | % | 0,9% | 1,1% |
| Starfsskipti | % | 10,3% | 9,4% |
| Fráfall | % | 0,0% | |
| *Starfsmenn í hlutastarfi* | | | |
| Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi | % | | 15,2% |
| Frávísun | % | | 2,2% |
| Starfslok | % | | 2,2% |
| Starfsskipti | % | | 10,9% |
| Fráfall | % | | 0,0% |
| *Verktakar og/eða ráðgjafar* | | | |
| Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa | % | | |
| Frávísun | % | | |
| Starfslok | % | | |
| Starfsskipti | % | | |
| Fráfall | % | | |
| *Kyn* | | | |
| Karlar | % | | 14,1% |
| Konur | % | | 11,0% |
| *Aldur* | | | |
| <20 | % | | 0,0% |
| 20-29 | % | | 16,8% |
| 30-39 | % | | 16,3% |
| 40-49 | % | | 9,3% |
| 50-59 | % | | 12,7% |
| 60-69 | % | | 23,1% |
| 70+ | % | | 0,0% |

S3|UNGC: P6|GRI: 401-1b|SDG: 12|SASB: General Issue / Labor Practices

| Kynjafjölbreytni | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| *Starfsmannafjöldi* | | | |
| Hlutfall kvenna í fyrirtækinu | % | 29% | 29% |
| Konur | fjöldi | 115 | 118 |
| Karlar | fjöldi | 287 | 290 |
| *Byrjenda- og millistjórnendastöður* | | | |
| Hlutfall kvenna í byrjendastarfi og næsta starfsþrepi fyrir ofan | % | | 28,0% |
| Konur | fjöldi | | 106 |
| Karlar | fjöldi | | 266 |
| *Yfirmenn og stjórnendur* | | | |
| Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda | % | | 33,0% |
| Konur | fjöldi | | 12 |
| Karlar | fjöldi | | 24 |

S4|UNGC: P6|GRI: 102-8, 405-1|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

| Hlutfall tímabundinna starfskrafta | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Stöðugildi | fjöldi | 20,0 | 23,0 |
| Prósenta starfsmanna í hlutastarfi | % | | 11,0% |
| Prósenta verktaka og/eða ráðgjafa | % | | |

S5|GRI: 102-8|UNGC: P6

| Aðgerðir gegn mismunun | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti? | já/nei | Já | Já [5] |

S6|UNGC: P6|GRI: 103-2 (see also: GRI 406: Non-Discrimination 2016)|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

| Vinnuslysatíðni | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna | % | 3,0% | 2,6% |

S7|GRI: 403-9|SDG: 3|SASB: General Issue / Employee Health & Safety

| Hnattræn heilsa og öryggi | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu? | já/nei | Já | Já |
| Heildarfjarvera frá vinnu sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna | X:1 | 0,027 | 0,028 |
| Fjarvera frá vinnu vegna langvarandi veikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna | X:1 | 0,010 | 0,010 |
| Fjarvera vegna skammtímaveikinda (X) sem hlutfall af vinnustundum allra starfsmanna | X:1 | 0,014 | 0,018 |

S8|GRI: 103-2 (See also: GRI 403: Occupational Health & Safety 2018)|SDG: 3|SASB: General Issue / Employee Health & Safety

| Barna- og nauðungarvinna | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrælkun? | já/nei | Nei | Nei |
| Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu? | já/nei | Nei | Nei |
| Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda? | já/nei | - | - |

S9|GRI: 103-2 (See also: GRI 408: Child Labor 2016, GRI 409: Forced or Compulsory Labor, and GRI 414: Supplier Social Assessment 2016) |UNGC: P4, P5|SDG: 8|SASB: General Issue / Labor Practices

| Mannréttindi | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu? | já/nei | Nei | Nei |
| Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda? | já/nei | - | - |

S10|GRI: 103-2 (See also: GRI 412: Human Rights Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016)|UNGC: P1, P2|SDG: 4, 10, 16| SASB: General Issue / Human Rights & Community Relations

## Stjórnarhættir

| Kynjahlutfall í stjórn | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla) | % | 40,0% | 40,0% |
| Hlutfall kvenkyns nefndarformanna (samanborið við karla) | % | 100,0% | 100,0% |

G1|GRI 405-1|SDG: 10|SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion (See also: SASB Industry Standards)

| Óhæði stjórnar | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku? | já/nei | Já | Já |
| Hlutfall óháðra stjórnarmanna | % | 20% | 20% |

G2|GRI: 102-23, 102-22

| Kaupaukar | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni? | já/nei | Nei | Já |

G3|GRI: 102-35

| Kjarasamningar | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Hlutfall starfsmanna sem falla undir almenna kjarasamninga | % | 100,0% | 100,0% |

G4|UNGC: P3|SDG: 8|GRI: 102-41|SASB: General Issue / Labor Practices (See also: SASB Industry Standards)

| Siðareglur birgja | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum? | já/nei | Nei | Nei |
| Ef svarið er já, hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðareglunum? | % | | |

G5|UNGC: P2, P3, P4, P8|GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 308: Supplier Environmental Assessment 2016 & GRI 414: Supplier Social Assessment 2016|SDG: 12|SASB General Issue / Supply Chain Management (See also: SASB Industry Standards)

| Siðferði og aðgerðir gegn spillingu | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum? | já/nei | Já | Já |
| Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni? | % | | 21,0% |

G6|UNGC: P10|SDG: 16|GRI: 102-16, 103-2 (See also: GRI 205: Anti-Corruption 2016)

| Persónuvernd | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu? | já/nei | Já | Já [6] |
| Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum? | já/nei | Já | Já |

G7|GRI: 418 Customer Privacy 2016|SASB: General Issue / Customer Privacy, Data Security (See also: SASB Industry Standards)

| Sjálfbærniskýrsla | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Birtir fyrirtækið sjálfbærniskýrslu? | já/nei | Já | Já |
| Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni? | já/nei | Já | Já |

G8|UNGC: P8

| Starfsvenjur við upplýsingagjöf | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti? | já/nei | Já | Já |
| Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)? | já/nei | Já | Já |
| Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SÞ? | já/nei | Já | Já |

G9|UNGC: P8

| Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila | Eining | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila? | já/nei | Nei | Nei |

G10|UNGC: P8|GRI: 102-56

# Aðferðafræði

Við útreikninga er stuðst við „The Greenhouse Gas Protocol" sem er stöðluð aðferðafræði sem innleidd hefur verið af fjölda fyrirtækja um allan heim með góðum árangri.

**Bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda**
The Greenhouse Gas Protocol skiptir losun upp í umfang 1, 2 og 3. Þetta er gert til að greina í sundur beina og óbeina losun:

- Umfang 1 tekur saman beina losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi fyrirtækis.
- Umfang 2 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda sem tengd er raforkunotkun og notkun á heitu vatni. Losun af þessu tagi á sér ekki stað innan marka starfsemi fyrirtækisins og telst því til óbeinnar losunar.
- Umfang 3 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda í virðiskeðju Ölgerðarinnar.

**Koltvísýringsígildi**
Losun gróðurhúsalofttegunda er mæld í tonnum svokallaðra koltvísýringsígilda ($tCO_2$í). Koltvísýringsígildi er mælieining sem lýsir því magni koltvísýrings sem hefur sama hnatthlýnunarmátt (e. GWP, global warming potential) og tiltekin blanda annarra gróðurhúsalofttegunda miðað við hundrað ára tímabil. Til að mynda jafngildir metan ($CH_4$) u.þ.b. 25 koltvísýringsígildum og nituroxíð ($N_2O$) u.þ.b. 298 koltvísýringsígildum. Uppgjörið tekur því tillit til allra gróðurhúsalofttegunda og er losun birt í tonnum $CO_2$ ígilda.

# Skilgreiningar

**Losunarkræfni**
Tölur um losunarkræfni eru byggðar á samanlögðu umfangi 1, umfangi 2 og umfangi 3. Losunarkræfni reiknast sem losun gróðurhúsalofttegunda á valda rekstrarþætti og er sett fram sem $tCO_2$í á einingu (svo sem $tCO_2$í á móti heildartekjum). Mælikvarðarnir mæla og bera losun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

**Bein og óbein orkunotkun**
Heildarorkunotkun mælir alla orku sem nýtt er af fyrirtækinu, að meðtöldu því eldsneyti sem notað er á ökutæki fyrirtækisins (umfang 1) og orku frá rafveitum og heitu vatni (umfang 2). Orkunotkunin er sett fram í kílówattstundum (kWst).

**Orkukræfni**
Orkukræfni reiknast sem heildarorkunotkun deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kWst á einingu (svo sem kWst á starfsmann í fullu stöðugildi). Mælikvarðarnir eru notaðir til að mæla orkunýtni og bera orkunotkun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

**Úrgangskræfni**
Úrgangskræfni reiknast sem heildarmagn úrgangs deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kg á einingu (svo sem kg á starfsmann í fullu stöðugildi).

**Umfang 2 (landsnet)**
Losun í umfangi 2 (landsnet) (e. Scope 2 - Location-based) er óbein losun vegna framleiðslu notaðrar orku, þar sem að losun vegna orkunotkunar er áætluð útfrá meðallosun frá viðeigandi dreifikerfi orku innan uppgjörstímabils. Miðað við aðferðafræði GHG Protocol skal fyrirtæki birta losun í umfangi 2 (landsnet).

**Lekalosun**
Bein losun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftið með eða án ásetnings, t.d. frá leka úr hvers kyns búnaði eða notkun vetnisflúorkolefna (HFC) í kæli- eða loftræstibúnaði.

**Aðkeypt vara og þjónusta**
Hráefnavinnsla, framleiðsla og flutningur á vöru og þjónustu keyptri af fyrirtæki innan uppgjörstímabils, sem ekki telst til flokka 2 - 8.

**Fastafjármunir**
Hráefnavinnsla, framleiðsla, og flutningur á fastafjármunum keyptum af fyrirtæki innan uppgjörstímabils.

**Eldsneytis- og orkutengd starfsemi**
Hráefnavinnsla, framleiðsla og flutningur á eldsneyti og orku keyptu af fyrirtæki innan uppgjörstímabils, sem ekki telst til umfangs 1 og 2, þar á með:

- Hráefnavinnsla, framleiðsla og flutningur á keyptu eldsneyti
- Hráefnavinnsla, framleiðsla og flutningur á eldsneyti notuðu í framleiðslu rafmagns, gufu, hitunar og kælingar
- Flutnings- og dreifingartap orku
- Framleiðsla á keyptri orku sem er áframseld til endanotenda.

**Aðkeyptur flutningur og dreifing**
Flutningur og dreifing milli fyrirtækis og fyrsta stigs birgja vegna vara keyptum af fyrirtæki innan uppgjörstímabils.
Flutningur og dreifing keypt af fyrirtæki innan uppgjörstímabils, þ.m.t. flutningur á vöru á innleið, útleið og á milli starfsstöðva.

**Úrgangur frá rekstri**
Förgun og meðhöndlun á úrgangi mynduðum í rekstri fyrirtækis innan uppgjörstímabils.

**Viðskiptaferðir**
Ferðir starfsmanna vegna viðskiptatengdra ferðalaga innan uppgjörstímabils.

**Samgöngur starfsmanna**
Ferðir starfsmanna á milli heimilis og vinnustaðar innan uppgjörstímabils

**Lok líftíma seldrar vöru**
Förgun og meðhöndlun við lok líftíma á vöru seldri af fyrirtæki innan uppgjörstímabils.

**Útleigðar eignir**
Rekstur útleigðra eigna í eigu fyrirtækis (leigusala) sem leigðar eru til annara fyrirtækja innan uppgjörstímabils og falla ekki undir umfang 1 og 2.

**Orkustjórnunarkerfi**
Með orkustjórnunarkerfi er átt við stöðluð orkustjórnunarkerfi s.s. ISO 50001.

# Skýringar

[1] Ölgerðin fjárfesti í mótvægisaðgerðum með skógrækt á vegum Kolviðar með gróðursetningu á 13.150 trjám. Áætluð kolefnisbinding vegna mótvægisaðgerðana er 1.315 tCO2í , eða því sem nemur samanlagðri losun Ölgerðarinnar í umföngum 1 og 2.

[2] Útreikningar á losun vegna rafmagnsnotkunar byggjast á meðallosun frá framleiðslu rafmagns á Íslandi, sem gefin er út af Umhverfisstofnun. Samkvæmt upprunaábyrgðum raforkusala notaði Ölgerðin 100% endurnýjanlega raforku árið 2021.

[3] Umhverfisstefna Ölgerðarinnar er hluti af sjálfbærnistefnu og er aðgengileg á heimasíðu félagsins: Stefnur

[4] Úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnur eru hluti af sjálfbærnistefnu félagsins.

[5] Stefna og áætlun Ölgerðarinnar gegn einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni er aðgengileg á heimasíðu félagsins: Stefnur

[6] Persónuverndarstefna Ölgerðarinnar er aðgengileg á heimasíðu félagsins: Stefnur